

## AUGLÝSING

### um almennt hlutfall námseininga og kennslustunda, hópstærðir og breytileg viðmið kennslustunda í framhaldsskólum.

#### 1. gr.

Skipulag skólstarfs miðast að jafnaði við ákveðið hlutfall námseininga og kennslustunda og miðast að meginstefnu til við eina einingu á móti tveimur kennslustundum. Skólameistari og kennari geta með sérstöku samkomulagi vikið frá því hlutfalli þyki það henta, enda taki námsmat til lokamarkmiða viðkomandi náms samkvæmt aðalnámskrá.

#### 2. gr.

Grunnviðmið reiknilíkans um nemendafjölda í námshópum samkvæmt reglugerð nr. 335/1999 eru: 12 nemendur í verknámshópum, 15 nemendur í list- og tölvufræðihópum og 25 nemendur í almennum bóklegum greinum eða samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni um nemendafjöldaviðmið í einstökum áföngum. Leitað verði samþykkis viðkomandi kennara ef nemendur eru fjórðungi fleiri eða meira en viðmið reiknilíkans fela í sér.

#### 3. gr.

Fari kennsla fram með óhefðbundnum hætti, þ.e. ekki er um hefðbundna kennsluhópa að ræða, sbr. 2. gr., eða kennsla fylgir ekki hefðbundnu annarskipulagi skóla, er heimilt, að fyrirfram fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að semja um sérstök viðmið til útreiknings á kennslustund t.d. fjölda nemenda.

#### 4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*